



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 24/10/2022
JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi, þskj. 215 -214. mál


Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga.

Fram kemur í þingsályktunartillögunni að hún sé lögð fram með það að markmiði að tryggja jafnan rétt foreldra til sjálfstæðrar ákvörðunartöku um tilhögun fæðingarorlofs. Jafnréttisstofa bendir á að núverandi kerfi tryggir að foreldrar hafa jafnan rétt til ákvörðunartöku um tilhögun fæðingarorlofs.

Lagt er til að félags- og vinnumarkaðsráðherra verði falið að leggja fram frumvarp er tryggir rétt foreldra til að deila með sér tólf mánuðum fæðingarorlofs, án þess að hlutast sé til um nánari skiptingu þeirra á milli með lögum.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof kemur fram að markmið laganna sé að tryggja barni samvistir við báða foreldra. Líkt og fram kemur í árskýrslu Vinnumálastofnunar vegna fæðingarorlofssjóðs 2021¹, er sjálfstæður réttur undantekningalítið færður til móður. Jafnréttisstofa telur að sú tillaga sem er til umfjöllunar hér muni því vinna gegn markmiði laga um að tryggja barni sem jafnastar samvistir við báða foreldra og að hlutfallslega muni feður nýta rétt sinn í mun minni mæli en mæður.

Stofan telur því að tillagan muni ekki stuðla að jafnrétti milli foreldra og styður ekki framgang hennar.



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur

¹ <https://vinnumalastofnun.is/media/3884/vms-arsskyrsla-faedingarorlofsjods-100522-2.pdf>